

**Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
Dagsetning: **16.10.2012**
Málsnúmer: **ANR12090513**
Bréfalykill:

Efni: Frumvarp til laga um neytendalán

Frumvarp til nýrra laga um neytendalán var lagt fram á 140. löggjafarþingi (þskj. 1137, 704 mál) en ekki náðist að afgreiða það sökum tímapressu í störfum þingsins við lok þess. Er það því nú lagt fram öðru sinni (þskj. 228, 220 mál) með nokkrum breytingum sem m.a. má rekja til athugasemda sem fram komu við þinglega meðferð þess. Hér að neðan er stiklað á stóru hvað varðar helstu breytingar frá 140. löggjafarþingi og er nánari útlistun að finna í VI. kafla almennra athugasemda við frumvarpið.

Í frumvarpinu, sem unnið var af nefnd sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði í maí 2011, er lögð til innleiðing á tilskipun 2008/48/EB um lánsamninga fyrir neytendur. Tilgangur tilskipunarinnar er að endurskoða reglur um neytendalán til að auka neytendavernd og tryggja samræmt lagaumhverfi við veitingu neytendalána, auk þess að stuðla að aukinni neytendavitund um lánskjör og gera neytendum hægara um vik að bera saman ólíka lánsamninga. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar Fjármálaeftirlitsins, Neytendasamtakanna, Neytendastofu og Samtaka fjármálafyrirtækja, auk ráðuneytisins.

Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

- Frumvarpið fylgir gildissviði tilskipunar 2008/48/EB að mestu leyti, þó eru fasteignalán og lán að fjárhæð undir 200 evrum og yfir 75.000 evrum ekki undanskilin frá gildissviði frumvarpsins líkt og tilskipunin gerir ráð fyrir. Aðildarríkjum er frjálst að fella fleiri tegundir lánsamninga undir gildissvið laga við innleiðingu og er í frumvarpi þessu lagt til að það verði gert.
- Frá árinu 2000 er lögum nr. 121/1994 var breytt með lögum nr. 179/2000 hafa fasteignalán fallið undir lög um neytendalán. Á sama tíma var tekin út undanþága vegna lánsamninga að hærri fjárhæð en 1.500.000 kr. Þessar breytingar hafa gefið góða raun og er lagt til að fasteignalán falli innan gildissviðs frumvarps þessa og ekkert hámark verði á fjárhæðum.
- Svonefnd smálánafyrirtæki hófu starfsemi hér á landi í upphafi árs 2010 og fellur veiting slíkra lána utan núgildandi laga um neytendalán nr. 121/1994. Lagt er til að undanþágur frá gildissvið laga um neytendalán verði þrengdar frá því sem nú er og ákvæði frumvarpsins gildi um öll neytendalán óháð fjárhæð, þ.m.t. smálán.
- Sum nágrannalönd okkar hafa fundið sig knúin til að bregðast við uppgangi smálánafyrirtækja með aukinni reglusetningu til verndar neytendum. Í þessu samhengi er

vert að nefna að um helmingur af 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins hafa í löggjöf sinni ákvæði um hámarksvexti. Finnar lögðu nú á haustþingi fram frumvarp sem kveður á um hámarksvexti á smálánum og Danir hafa tilkynnt að þeir ætli sér slíkt hið sama. Í Norður-Ameríku er sama sagan; í Kanada hefur verið sett 60% hámark á árlega hlutfallstölu kostnaðar og í 35 fylkjum Bandaríkjanna hafa verið settar reglur um smálánastarfssemi sem taka til ýmissa skilyrða s.s vaxta og gjalda. Í frumvarpi þessu er lagt til að sett verði hámark á árlega hlutfallstölu kostnaðar vegna neytendalána sem nemur 50 hundradshlutum að viðbættum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands eins og þeir eru þegar lánessamningur er gerður. Vert er að nefna að tillaga þessi um hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar er ný, hana var ekki að finna í frumvarpinu eins og það var lagt fram á 140. löggjafarþingi.

- Kröfur um upplýsingaskyldu lánveitanda eru nokkuð ítarlegri í frumvarpinu en þekkt hefur hér á landi. Gerð er krafa um ítarlegar upplýsingar í auglýsingum þar sem fjallað er um vexti eða önnur kjör vegna lánessamnings, gerðar eru kröfur um vissar upplýsingar sem ber að veita fyrir samningsgerð og ákvæði um upplýsingar við samningsgerð eru ítarlegri en samkvæmt nógildandi lögum. Tilskipunin kveður á um að vissar upplýsingar skuli ávallt veittar á stöðluðu eyðublaði sem fylgir með sem viðauki við tilskipunina, en eyðublaðið á að auðvelda neytendum að bera saman lánstilboð. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að þeirri línu verði fylgt og ráðherra birti eyðublaðið í íslenskri þýðingu í reglugerð.
- Þegar borin er saman árleg hlutfallstala kostnaðar á óverðtryggðu láni og verðtryggðu er ljóst að samanburðurinn hlýtur alltaf að vera verðtryggða láninu í hag ef gert er ráð fyrir stöðugu verðlagi út lánstímann. Til að bregðast við þessu er lagt til að bætt sé við lögum ákvæði þess efnis að lánveitendur skuli áður en lánessamningur um veðlán er gerður veita upplýsingar um sögulega þróun verðlags og vaxta og áhrif þeirra þátta á breytingar á höfuðstól og greiðslubyrði sé um verðtryggt lán að ræða og um breytingar á greiðslubyrði sé um óverðtryggt lán að ræða. Tilgangur ákvæðisins er að upplýsa neytendur um hvernig höfuðstóll og greiðslubyrði verðtryggðra lána getur þróast en ljóst er að slíkar upplýsingar geta ekki haft bindandi áhrif og verða aðeins til viðmiðunar. Lagt er til að Neytendastofu verði falið að birta opinberlega á heimasíðu sinni upplýsingarnar og dæmi. Þetta er gert til að tryggja samræmda upplýsingagjöf á milli lánveitanda. Þessi tillaga er, eins og ákvæðið um hámarksvexti, ný af nálinni og var ekki að finna í frumvarpinu eins og það var lagt fram á 140. löggjafarþingi.
- Tilskipunin gerir kröfu um að lánshæfi lántaka sé metið áður en gengið er frá lánessamningi, en aðildarríkjum er veitt ráðrúm til þess að ákveða sjálf með hvaða hætti matið fer fram. Lagt er til að framkvæmt verði hefðbundið greiðslumat vegna lánveitinga yfir ákveðna fjárhæð, en vegna lægri fjárhæða verði svonefnt lánshæfismat látið nægja. Lagðar eru ákveðnar línur um framkvæmd greiðslu- og lánshæfismats í frumvarpinu, en gert er ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að setja ákvæði í reglugerð sem kveða nánar á um gerð slíkra mata.
- Í frumvarpinu er fjallað um skyldur lánamiðlara, sem eru aðilar sem veita milligöngu um lán eða ráðgjöf um lántöku. Slík ákvæði er ekki að finna í nógildandi lögum um neytendalán. Þær kröfur snúa m.a. að upplýsingagjöf til neytenda um hvert umboð lánamiðlarans sé, einkum hvort hann starfi fyrir einn eða fleiri lánveitendur eða sem óháður miðlari. Jafnframt skal hann tilkynna neytanda um þóknun sem hann þiggur frá

neytanda fyrir vinnu sína, ef einhver er, og skjalfesta samning við neytanda um þjónustu sína áður en gengið er frá lánessamningi.

- Í frumvarpinu er fjallað um svokallaða „*tengda lánessamninga*“, sem eru lánessamningar sem gerðir eru í þeim eina tilgangi að fjármagna kaup á tiltekinni vöru eða þjónustu. Í frumvarpinu er kveðið á um rétt neytanda til að falla frá tengdum lánessamningi ef hann nýtir rétt sinn til að falla frá viðkomandi samningi um kaup á vöru eða þjónustu. Frumvarpið kveður jafnframt á um að í þeim tilfellum sem að neytandi hefur ekki fengið fulla afhendingu skv. dómi um afhendingu vöru eða þjónustu og hann hefur leitað úrræða til að fá úr því bætt gagnvart seljanda án árangurs þá skuli hann hafa rétt til að leita vissra úrræða gagnvart lánveitanda. Neytanda er í slíkum tilfellum heimilt að beita þeim úrræðum gegn lánveitanda sem hann gæti almennt beitt gegn seljanda, svo sem úrræði samkvæmt lögum um neytendakaup og almenn réttarfarsúrræði. Hann getur þó ekki krafist úrbóta eða nýrrar afhendingar í skilningi laga um neytendakaup og laga um þjónustukaup, enda væri slíkt óþarflega íþyngjandi kvöð gagnvart lánveitanda. Vert er að taka fram að möguleikar neytanda til fullnustu gagnvart kröfuhafa takmarkast við fjárhæð lána á þeim tíma sem krafa um úrbætur er gerð. Hugsunin er því sú að neytandi þurfi ekki að halda áfram að greiða að fullu fyrir vöru eða þjónustu sem hann fékk ekki afhenta í samræmi við dóm þess efnis, þ.e. ef ljóst þykir að hann geti ekki leitað fullra efnda frá seljanda.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Dagsetning: 16.10.2012
Málsnúmer: ANR12090513
Bréfalykill:

Efni: Útreikningur á hámarki árlegrar hlutfallstölu kostnaðar

Í frumvarpi til nýrra laga um neytendalán (þskj. 228, 220. mál) er kveðið á um hámark á árlegri hlutfallstölu kostnaðar (ÁHK). Hámarkinu er ætlað að stemma stigu við óhóflegum kostnaði sem smálánafyrirtæki innheimta í tengslum við lánveitingar til neytenda.

ÁHK (e. APR - Annual Percentage Rate) er flókið hugtak sem kom inn í íslenskt lagamál með lögum nr. 121/1994 um neytendalán sem innleiddu í íslensk lög tilskipun 87/102/EB samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán. Hugtakið er því komið frá Evrópusambandinu og meginhugsunin á bakvið það er sú að gera neytendum kleift að bera saman heildarkostnað á árlegum grunni vegna ólíkra lánessamninga á auðveldan máta. Með heildarkostnað er átt við allan kostnað, þ.m.t. vextir, þóknun, skattar og önnur gjöld.

Í 10.-12. gr. laga nr. 121/1994 er fjallað um hvernig skal reikna út ÁHK. Ákvæðunum til fyllingar er reglugerð 377/1993 um neytendalán með síðari breytingum.

ÁHK er gjarnan skýrð sem það vaxtaígildi sem jafnar núvirðið af greiðsluskuldbindingum lánveitanda annars vegar og neytanda hins vegar samkvæmt lánessamningi þeirra. Í lögum 121/1994 koma fram tvær meginreglur um útreikning hennar, þessar reglur er einnig að finna í frumvarpi til nýrra laga um neytendalán. Reglurnar eru eftirfarandi:

- ÁHK skal reiknuð út á þeim tíma sem lánessamningur er gerður. Við útreikning hennar skal gengið út frá því að lánessamningur gildi umsaminn tíma og lánveitandi og neytandi standi við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum samningsins.
- Ef lánessamningur heimilar verðtryggingu eða breytingu á vöxtum eða öðrum gjöldum sem teljast hluti ÁHK, en ekki er unnt að meta hverju nemi á þeim tíma sem útreikningur er gerður, skal reikna út ÁHK miðað við þá forsendu að verðlag, vextir og önnur gjöld verði óbreytt til loka lánstímans.

Í reglugerð 377/1994 og í viðauka við hana kemur fram formúla fyrir útreikning á ÁHK auk sýnidæma. Í grunninn kemur sama formúla fram í tilskipun 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE sem frumvarp til nýrra laga um neytendalán er ætlað að innleiða. Þó er í tilskipunni kveðið á um vissar viðbótarforsendur í sérstökum tilvikum sem verður að telja eðlilegt m.t.t. þeirrar öru þróunar sem hefur átt sér stað í þeim lánamöguleikum sem standa neytendum til boða í Evrópu. Ekki verður hér nánar farið út í hinar sérstöku viðbótarforsendur.

Hægt er að segja að útreikningur á ÁHK gangi út á að finna ávöxtunarkröfu lánveitanda á árlegum grunni vegna tiltekins láns. Sem dæmi má nefna ef að lánveitandi veitir lán til tveggja vikna að ákveðinni upphæð með ákveðnum kostnaði þá gerir formúlan fyrir útreikning á ÁHK ráð fyrir því að

lánveitandi muni geta lánað lánsfjárhæðina auk kostnaðar aftur út um leið og hún kemur inn. Þannig er um að ræða "veldisvöxt" sem að leiðir til þess að ÁHK vegna smálána getur verið mörg þúsund prósent skv. þessari formúlu.

Nafnvextir eru reiknaðir út með öðrum og mun einfaldari hætti og er ekki um "veldisvöxt" að ræða. Þetta leiðir til þess að nafnvextir (þó kostnaður sé reiknaður með inn í töluna) verða ætíð lægri heldur en ÁHK.

Dæmi: Lán að upphæð 60.000 kr. er tekið til tveggja vikna og er heildarkostnaður vegna lánsins 11.700 kr.

I. Nafnvextir: Heildarkostnaði er deilt með lánsfjárhæð. Útkoman er síðan margfölduð til að fá út ávöxtun á ársgrundvelli í stað tveggja vikna

$$11.770 / 60.000 \times 2 \times 12 = \text{Nafnvextir}$$

$$\text{Nafnvextir} = 468\%$$

II. ÁHK: Ekki er hægt að leiða út ÁHK með einföldum útreikningum. Formúlan krefst þess að hún sé sett inn í fall.

$$\text{Lánsfjárhæð} = \frac{\text{heildarendurgreiðsla}}{(1 + \text{ÁHK})^{\frac{\text{dagafjöldi}}{365}}} \quad 60.000 = \frac{71.200}{(1 + \text{ÁHK})^{\frac{14}{365}}}$$

$$\text{ÁHK} = 7531,7\%$$

Formúlan hér að ofan á aðeins við er um eina endurgreiðsludagsetningu að ræða og verður hún allnokkuð flóknari ef um fleiri en einn gjalddaga er að ræða. Vert er að nefna að hægt er að nota fallið IRR í Excel, óháð fjölda gjalddaga, til að reikna ÁHK þar sem það sýnir virka vexti greiðsluflæðis.

Nái tillögu frumvarpsins um hámark á ÁHK fram að ganga mun það hafa veruleg áhrif á þann heildarkostnað sem lánveitendum neytendalána verður heimilt að leggja á. Ákvæði 26. gr frumvarpsins kveður á um að ÁHK megi ekki nema meira en 50 hundraðshlutum að viðbættum stýrivöxtum. Í dag eru stýrivextir 5,75% og væri reglan við lýð þá væri lánveitendum ekki heimilt að innheimta meira en sem nemur 55,75% ÁHK.

Ef tölur úr ofangreindu dæmi eru notaðar aftur til skýringar þá sést að sá kostnaður sem að hámarki mætti innheimta væri 1.102 kr. í stað 11.700. 1.102 kr. í ávöxtun á tveimur vikum af 60.000 höfuðstól nema nafnávöxtun upp á 44,05% og ÁHK upp á 55,72%.